

Rennslismælingar á hverum í Útey í  
Laugardal

Guðmundur Ingi Haraldsson

Greinargerð GIH-87-01



## RENNSLISMÆLINGAR Á HVERUM Í ÚTEY Í LAUGARDAL.


Hér eru teknar saman þær mælingar á rennsli úr hverum í Útey í Laugardalshreppi, sem til eru hjá jarðhitadeild Orkustofnunar. Elsta mælingin er frá árinu 1943, ein er frá 1967 og á síðustu árum hefur verið mælt tvisvar í Útey, árin 1983 og 1986.

Eftirfarandi niðurstöður eru samanlagt magn úr hverunum.

Sumarið 1943	14 l/s
6. júlí 1967	22 l/s
4. feb. 1983	17 l/s
7. ágúst 1986	14 l/s


Þokkalegt samræmi er í mælingunum frá 1983, 1986 og 1943 en mælingin frá 1967 sker sig verulega úr. Ekki skal fullyrt að talan frá 1967 sé röng en hinar þrjár er trúverðugar. Undirritaður mældi bæði 1983 og 1986 og eru þær mælingar alveg sambærilegar, hveralæknum var veitt í heilan stokk neðan neðsta stóra hversins á sama stað í bæði skiptin. Þá eru undanskilin nokkur augu sem eru 40 - 50 m neðar í læknum enda erfitt um vik að ná þeim með, rennsli úr þeim er líklega innan við 1 l/s. Mælingin 1967 var tekin í ósnum þar sem lækurinn fellur í Laugarvatn, tvö borð voru sett samsíða í lækinn og straumhraðinn mældur með flotholti, en sandur var í botninn. Þessi aðferð er ekki eins ábyggileg og að nota heilan stokk og mæla straumhraðann með spjaldi eins og gert var 1983 og 86.

Meðfylgjandi er lauslegt riss af hverasvæðinu í Útey og er merkt inn hvar rennslið var mælt 1983 og 1986, einnig hiti í einstökum hverum. Athuga þarf þó að sumar þrærnar eru byrgðar og því ekki allsstaðar unnt að koma hitamæli í sjálft uppstreymið og þar með er hætt við að ekki hafi mælst réttur hiti.

  
Guðmundur Ingi Haraldsson.

# ÚTEY Laugardal

Riss af hverasvæðinu



0 10 20 30 m

